

Deiluskipulag fyrir Heysholt í Landsveit í Rangárþingi ytra - kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Til : Haraldur Birgir Haraldsson
Frá : Garðar Gíslason <gardar@iuslaw.is>
CC : Rúnar Þór Jóhannsson <runar@iuslaw.is>
Heiti : Deiluskipulag fyrir Heysholt í Landsveit í Rangárþingi ytra - kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála
Málsnúmer : 1808001
Málsaðili : Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin
Skráð dags : 09.08.2018 11:52:48
Höfundur : Garðar Gíslason <gardar@iuslaw.is>

Viðhengi **Heysholt - bréf til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála.pdf**
[Heysholt - bréf til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála.pdf](#)

Sæll Haraldur.

Framsendi ykkur hjá Rangárþingi ytra til upplýsinga afrit af bréfi sem sent hefur verið Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindarmála f.h. umbjóðenda minna, eigenda Heysholts í Landsveit.

Umbjóðendur mínir furða sig á og eru ansi hreint óhressir með að sveitarfélagið sýnist hafa lagt að kærendum í málinu að kanna um möguleika á því að skjóta málinu til nefndarinnar. Að því slepptu vænta umbjóðendur mínir þess að sveitarfélagið bregðist við kærinni, ef og þá þegar til þess kemur að sveitarfélagið fái afrit af kærinni til umsagnar og athugasemda frá nefndinni. Við sýnist blasa að á því megi byggja að kæran hafi komið fram að liðnum kærufresti og því beri að vísa henni frá nefndinni. Sæti málið hins vegar efnismeðferð hjá nefndinni, þá gera umbjóðendur mínir jafnframt ráð fyrir að sveitarfélagið taki þar til varna, enda er það í raun sveitarfélagsins en ekki umbjóðenda minna.

Kveðja,

Garðar G. Gíslason

Hæstaréttarlögmaður | Supreme Court Attorney

Eigandi | Partner

IUS

Smáratorg 3 | Turninn, 17. hæð | 201 Kópavogur | Iceland

Tel.: +354 896 2668

gardar@iuslaw.is | www.iuslaw.is